



Convention on the Rights of the Child

Distr.: General
6 October 2011

**ADVANCE UNEDITED
VERSION**

Original: English

Committee on the Rights of the Child
Fifty-eighth session
19 September – 7 October 2011

Consideration of reports submitted by States parties under article 44 of the Convention

Concluding observations: Iceland

1. The Committee considered the combined third and fourth periodic report of Iceland (CRC/C/ISL/3-4) at its 1648th and 1649th meetings (see CRC/C/SR. 1648 and 1649), held on 23 September 2011, and adopted, at the 1668th meeting, held on 7 October 2011, the following concluding observations.

I. Introduction

2. The Committee welcomes the submission of the third and fourth periodic report as well as the written replies to its list of issues (CRC/C/ICE/Q/3-4/Add.1) and commends the frank and self-critical nature of both the report and the replies to the list of issues, which allow a better understanding of the situation of children in the State party. The Committee expresses appreciation for the very constructive and open dialogue held with the cross-sectoral delegation of the State party.

II. Follow-up measures undertaken and progress achieved by the State party

3. The Committee welcomes/notes as positive the adoption of the following legislative measures:

- (a) The amendments to the Child Protection Act No.80/2002 in 2011;
- (b) The new Media Act No.38/2011;
- (c) The amendments to the Primary School Act No.91/2008 in 2011;
- (d) The Act on Education and Career Counsellors No.35/2009;
- (e) The Preschool Act No.90/2008, the Primary School Act No.91/2008 (2008) and amendments thereto in 2011 and the Secondary School Act No.92/2008;

- (f) The Act concerning Education and Recruitment of Teachers and School Administrators in Preschools, Primary Schools and Secondary Schools No.87/2008;
- (g) The amendments to the Penal Code raising the minimum age of sexual consent from 14 to 15 years in 2007;
- (h) The Youth Act No.70/2007;
- (i) The Act No.22/2006 on payments to parents of chronically ill or severely disabled children and its amendment by Act No.158/2007; and
- (j) The Children's Act No.76/2003.
4. The Committee also welcomes the ratification of or accession to:
- (a) The Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime 2000 (June 2010); and
- (b) The Council of Europe Convention on Cybercrime, (January 2007).
5. The Committee also welcomes the following institutional and policy measures:
- (a) The Action Plan to improve children's and young people's situation 2007-2011;
- (b) The quality standards for placement of children outside the homes from 2008 and 2011;
- (c) *The Plan of Action for Child Protection in Iceland 2008-2010*;
- (d) The Plan of Action regarding Immigration Policy in 2008;
- (e) The regulation by the Ministry of Health and Social Security in 2008 exempting children below the age of 18 from health care and hospital fees; and
- (f) The Health Policy Action Plan from 2008.

III. Factors and difficulties impeding the implementation of the Convention

6. The Committee takes note of the deep financial crisis undergone by the State party since the crash of its banking system in 2008, which had a severe impact on its ability to maintain the level of public investment and employment, which in turn impacted on children and their families, especially on lower income families. However, the Committee notes with appreciation the State party's fiscal efforts to protect the rights of children, especially regarding special protection measures, and that it intends to redress the budget cuts to social investment, including education and health, as its financial and economic situation steadily continues to improve.

IV. Helstu áhyggjuefni og tilmæli

A. Almennar ráðstafanir til framkvæmdar samningsins (4. og 42. gr. og 6 mgr. 44. gr.)

Fyrri tilmæli nefndarinnar

7. Nefndin fagnar ráðstöfunum samningsríkisins til framkvæmdar á lokaathugasemdum nefndarinnar um fyrstu skýrslu aðildarríkisins. Þó vill nefndin taka fram að ekki hefur verið brugðist nægilega við sumum þessara lokaathugasemda.

8. Nefndin hvetur aðildarríkið til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að bregðast við þeim tilmælum úr lokaathugasemdum annarrar skýrslunnar sem hafa enn ekki komið til framkvæmdar eða ekki verið framkvæmd á fullnægjandi hátt, þ.m.t. hvað varðar fyrirvarann við 37. gr., skort á gagnasöfnunarkerfi, mikið brottfall barna innflytjenda úr skóla og kröfuna um tvöfalt sagnæmi. Jafnframt hvetur nefndin aðildarríkið til að tryggja nægilega eftirfylgni með þessum lokaathugasemdum um þriðju og fjórðu reglulegu skýrsluna.

Fyrirvarar

9. Nefndin fagnar því að fyrirvarinn við 9. gr. samningsins var dreginn til baka í febrúar 2009. Hins vegar harmar nefndin það að aðildarríkið hafi ekki dregið til baka fyrirvara sinn við 37. gr.

10. Nefndin ítrekar þau tilmæli sín í fyrri lokaathugasemdum sínum (CRC/C/15/Add.203, 5. mgr.) að aðildarríkið tryggi með lögum að börn í varðhaldi séu aðskilin frá fullorðnum, eins og kveðið er á um í c-lið 37. gr. samningsins, og dragi til baka fyrirvara sinn við 37. gr.

Löggjöf

11. Nefndin fagnar þeirri löggjöf sem aðildarríkið er að innleiða og miðar að því að efla stjórnskipunar-, laga- og forskriftarráðgjafarmann um framkvæmd samningsins. Nefndin mælist til þess að þegar fyrirvarinn við 37. gr. hefur verið dreginn til baka geri aðildarríkið nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða sáttmálann og valfrjálsar bókanir hans í landslög.

Samræming

12. Nefndin veitir því athygli að sett var á laggirnar samráðsnefnd sem starfaði frá árinu 2007 til 2011 að því að móta stefnumið til að styrkja stöðu barna og unglinga og fjallaði um tilmæli sérfræðinganeftardarinnar. Nefndin harmar þó að enn sé ekki neinn varanlegur aðili með umboð til að samræma starfsemi mismunandi stofnana við framkvæmd samningsins.

13. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið geri ráðstafanir til setja á fót skilvirkt og varanlegt kerfi til samræmingar á framkvæmd stefnumiða um réttindi barnsins milli allra hlutaðeigandi aðila og stofnana á öllum stigum. Þessu kerfi skal séð fyrir nauðsynlegum mannafla, tæknilegum tilföngum og fjármunum til að framkvæma stefnumið um réttindi barnsins sem eru heildstæð, samfelld og samræmd á lands- og svæðisvísu sem og sveitarstjórnarstigi.

Landsáætlun

14. Nefndin veitir athygli aðgerðaáætluninni til að styrkja stöðu barna og ungmenna fyrir árin 2007-2011, sem kveður á um stofnun þeirrar samráðsnefndar sem vísað er til í 12. mgr. Einnig veitir nefndin því eftirtekt að ákvörðun hefur verið tekin um að móta nýja aðgerðaáætlun fyrir komandi ár, en harmar að slík áætlun hafi enn ekki verið samþykkt.

15. Nefndin hvetur aðildarríkið til að samþykkja sem fyrst nýja aðgerðaáætlun á landsvísu í þágu barna sem tekur til allra ákvæða sammingsins á grundvelli mats á áætluninni fyrir árin 2007-2011. Einnig mælist nefndin til þess að aðildarríkið veiti tilteknar fjárheimildir til og viðunandi eftirfylgni með fullri framkvæmd á áætluninni og tryggi að henni sé búinn mats- og eftirlitsrammi til að meta reglulega þann árangur sem næst og koma auga á hugsanlega ágalla.

Sjálfstætt eftirlit

16. Þótt nefndin fagni þeim auknu tilföngum sem voru veitt umboðsmanni barna árið 2007 veitir hún athygli þeim upplýsingum frá aðildarríkinu að umboðsmanninum sé ekki heimilt að taka við einstökum kærum. Þá hefur nefndin áhyggjur af því hve flókið kærufarlið er hjá ýmsum opinberum stofnunum.

17. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið íhugi að veita umboðsmanni barna vald til að taka einstakar kærur til meðferðar og tryggja að þetta kærufarli sé skilvirkt og aðgengilegt öllum börnum, einkum börnum í viðkvæmum aðstæðum, sem og til að vekja almenning, einkum börn, til vitundar um slíkt kvörtunarferli. Nefndin vekur athygli á almennri athugasemd sinni nr. 2 um hlutverk sjálfstæðra mannréttindastofnana í að efla og vernda réttindi barnsins (CRC/GC/2002/2) og skorar auk þess á aðildarríkið að tryggja að slíku kvörtunarferli sé séð fyrir nauðsynlegum mannafla, tæknilegum tilföngum og fjármunum til að tryggja sjálfstæði og skilvirkni þess.

Fjárveitingar

18. Nefndin hefur skilning á stöðunni í fjármálum og efnahagsmálum aðildarríkisins síðan árið 2008 og metur mikils viðleitni þess til að koma í veg fyrir bein áhrif á þjónustu, sem miðar að verndun barna og fjölskyldna í viðkvæmum aðstæðum. Hins vegar lýsir nefndin yfir áhyggjum sínum af miklum niðurskurði í mennta- og heilbrigðiskerfinu og því að þrátt fyrir viðleitni aðildarríkisins hefur hlutfall barnafjölskyldna undir lágtekjumörkum aukist, einkum meðal heimila einstæðra foreldra.

19. Nefndin mælist til þess að í ljósi þess efnahagsbata sem náðst hefur frá árinu 2010 dragi aðildarríkið til baka niðurskurð til menntunar- og heilbrigðiskerfisins og auki fjárfestingu sína í atvinnusköpun, sér í lagi fyrir einstæða húsráðendur, félagslegu öryggi og sérstakri vernd á sjálfbæran hátt. Auk þess mælist nefndin til þess að aðildarríkið taki upp útgjaldaeftirlit út frá sjónarmiðum um réttindi barnsins til að hafa eftirlit með og meta fjárveitingar til málefna barna og taki mið af tilmælum nefndarinnar sem voru afrakstur almenns umræðudags árið 2007 um fjárveitingar í þágu réttinda barnsins og ábyrgð aðildarríkja (e. „Day of General Discussion on resources for the rights of the child - responsibility of States“).

Gagnasöfnun

20. Nefndin lýsir velþóknun sinni á þeim gögnum sem aðildarríkið hefur veitt um ýmis málefni er varða hagsmuni barna. Hins vegar harmar nefndin að gagnasöfnunarkerfið taki ekki til allra sviða sammingsins og að ekki sé fullnægjandi umgjörð um vinnslu og mat á slíkum gögnum.

21. Nefndin hvetur aðildarríkið til að þróa heildstætt kerfi um söfnun, vinnslu og greiningu gagna sem grundvöll árangursmats á framkvæmd réttinda barnsins. Gögnin skulu aðgreind eftir aldri, kyni, landfræðilegi staðsetningu, þjóðerni og félags- og efnahagslegum bakgrunni.

Miðlun, vitundarvakning og fræðsla

22. Nefndin lýsir velþóknun á því að frá árinu 2008 hefur aðildarríkið árlega haldið upp á dag barnsins. Nefndin fagnar því einnig að Barnaverndarstofa hefur sett upp vefsíðu fyrir samninginn, auk þess sem staðið hefur verið fyrir málstofum, upplýsingafundum, málþingum og ráðstefnum um barnavernd og réttindi barnsins fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Hins vegar harmar nefndin skort á upplýsingum um hvort réttinda barna sé getið í námsskrám skóla, hvort löggæslustarfsmenn, heilbrigðisstarfsfólk, kennarar og félagsráðgjafar fái einkum og sér í lagi slíka fræðslu, hvort boðið sé upp á slíkar málstofur fyrir þessa hópa og hvort aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að miðla upplýsingum til slíkra hópa um samninginn og umfjöllun nefndarinnar.

23. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið feli réttindi barnsins inn í skólanámsskrár. Einnig mælist nefndin til eflingar á fullnægjandi og skipulegri þjálfun allra faghópa sem starfa í þágu og með börnum, einkum löggæslustarfsmanna, kennara, heilbrigðisstarfsfólks, félagsráðgjafa og starfsfólks í hvers kyns umsjá utan fjölskyldu.

Alþjóðasamstarf

24. Nefndin fagnar öflugum framlagi aðildarríkisins til alþjóðasamstarfs. Hins vegar veitir nefndin því athygli að vegna erfiðra efnahagsaðstæðna í aðildarríkinu hefur það dregið úr framlagi sínu til alþjóðlegrar aðstoðar.

25. Nefndin hvetur aðildarríkið til að viðhalda og, sé þess kostur, auka alþjóðasamstarf sitt, þrátt fyrir núverandi efnahagslæð. Nefndin hvetur aðildarríkið til að ná og, ef unnt er, fara fram úr markmiði sínu um 0,7% af landsframleiðslu árið 2015. Í þessu samhengi mælist nefndin einnig til þess að aðildarríkið taki mið af lokaathugasemdum nefndarinnar um réttindi barnsins að því er varðar viðtökulönd.

B. Almennar meginreglur (2., 3., 6. og 12. gr. samningsins)

Hagsmunir barnsins í fyrirrúmi

26. Nefndin fagnar þeim upplýsingum að almennt sé tekið mið af hugtakinu „hagsmunir barnsins í fyrirrúmi“ þegar þörf barns fyrir velferðarþjónustu og aðra opinbera þjónustu er metin. Hins vegar hefur nefndin áhyggjur af því að ekki sé tekið fullt tillit til meginreglunnar um hagsmuni barnsins í einstaka tilfellum, einkum hvað varðar að tryggja aðgengi foreldra að barni sínu.

27. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið tryggi að í öllum tilfellum er varða aðgengi foreldra að barni sínu séu hagsmunir barnsins ávallt hafðir í fyrirrúmi. Einnig mælist nefndin til þess að aðildarríkið efli viðleitni sína til að tryggja að meginreglan um hagsmuni barnsins sé á viðeigandi hátt felld inn í og beitt með samræmdum hætti í allri löggjafar-, stjórnáslu- og dómsmeðferð sem og í öllum stefnumiðum, áætlunum og verkefnum sem varða og hafa áhrif á börn. Lagarök í öllum dóms- og stjórnásluúrskurðum og -ákvörðunum skulu einnig byggja á þessari meginreglu.

Virðing fyrir sjónarmiðum barnsins

28. Nefndin veitir því eftirtekt að aðildarríkið tekur fram að barnalögin tryggi rétt barna til að móta og tjá eigin skoðanir. Þá veitir nefndin því athygli að samkvæmt lögum um æskulýðsmál er sveitarfélögum heimilt að setja á stofn ungmennaráð til ráðgjafar við yfirvöld æskulýðsmála. Samt sem áður hefur nefndin enn áhyggjur af því að ekki sé lagaskilyrði að slíkar nefndir séu stofnaðar né að neinar verklagsreglur og reglugerðir um starfsemi slíkra nefnda séu settar, sem felur í sér að sveitarfélög hafa ákvörðunarvald yfir þeim. Einnig hefur nefndin áhyggjur af því að ekki öll börn hafi jöfn tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

29. Í ljósi almennrar athugasemdar nefndarinnar nr. 12 (2009) um rétt barnsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri mælist nefndin til þess að aðildarríkið setji reglugerðir um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða og tryggi að tillit verði tekið til sjónarmiða barna fyrir dómstólum, í skólum og í stjórnsýslu- og öðrum ferlum sem varða börn, sem og á heimilum, þ.m.t. barna með fötlun, barna innflytjenda og annarra barna sem eru í viðkvæmri aðstöðu.

C. Umhverfi fjölskyldunnar og umsjá utan hennar 5., 18. (1.-2. mgr.), 9.-11., 19.-21., 25., 27. (4. mgr.) og 39. gr. sammingsins)

Umhverfi fjölskyldunnar

30. Nefndin veitir því athygli að árið 2007 var hrint af stað fjögurra ára aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna, þ. á m. um uppeldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni. Nefndin fagnar þessum ráðstöfunum til stuðnings við foreldra við uppeldi barna sinna. Hins vegar hefur nefndin enn áhyggjur af því að félagslegar bætur til fjölskyldna sem búa við fátækt, þ.m.t. fjölskyldna einstæðra foreldra, séu ekki nægar og að þetta hafi neikvæð áhrif á þroska barna í slíkum fjölskyldum. Einnig hefur nefndin áhyggjur af því að fjárveitingar séu ónógar til milligöngugjöfnustu við foreldra í fjölskyldudeilum.

31. Nefndin hvetur aðildarríkið til að halda áfram ráðstöfunum til stuðnings fjölskyldum og að veita viðkomandi fagmönnum þjálfun. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið endurskoði félagsbótakerfi sitt í þeim tilgangi að veita fjölskyldum í viðkvæmri aðstöðu viðunandi aðstoð og auka fjárveitingar til milligöngugjöfnustu við foreldra í deilum. Einnig mælist nefndin til þess að aðildarríkið staðfesti samninginn um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana um meðlagsskyldur, samninginn um lög sem gilda um meðlagsskyldur og samninginn um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samstarf varðandi foreldraábyrgð og ráðstafanir til verndar barna.

Börn án foreldraumsjár

32. Nefndin fagnar aðgerðum Barnaverndarstofu til eftirlits með þjónustu- og fóstursamningum og til að tryggja að heimili og stofnanir uppylli faglegar kröfur með setningu gæðastaðla um vistun barna utan heimilis og reglulegt eftirlit. Nefndin veitir því einnig athygli að með lögum nr. 26/2007 var skipuð nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Hins vegar harmar nefndin skort á upplýsingum um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til aðlögunar barna í samfélaginu eftir að þau fara úr umsjá annarra en fjölskyldu sinnar.

33. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið rannsaki aðlögun og árangurshlutfall barna eftir að þau fara úr umsjá annarra en fjölskyldu sinnar, sem ætti einnig að leiða af sér tilmæli um þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja fulla aðlögun þeirra.

D. Fötlun, grunnheilbrigði og velferð (6., 18. (3. mgr.), 23., 24., 26. og 27. gr. (1.-3. mgr.) sammingsins)

Börn með fötlun

34. Nefndin fagnar setningu laga nr. 22/2006 og breytingum á þeim frá árinu 2007, sem kveða á um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sem og viðleitni aðildarríkisins til að stuðla að aðlögun barna með fötlun í almennum skólum. Hins vegar hefur nefndin áhyggjur af því að aðgengi fatlaðra barna að þjónustu kunni að takmarkast af opinberum framlögum. Nefndin hvarmar einnig skort á upplýsingum um börn með fötlun sem eru aðgreindar eftir tegund fötlunar, aldri og kyni.

35. Í ljósi almennrar athugasemdar sinnar nr. 9 um réttindi barna með fötlun (CRC/C/GC/9, 2006) mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Haldi áfram að efla ráðstafanir til að tryggja þátttöku barna með fötlun á öllum sviðum samfélagsins;

(b) Tryggi að börnum með fötlun sé séð fyrir öllum nauðsynlegum stuðningi og þjónustu án ástæðulausrar tafar og að þröngur fjárhagur hindri ekki aðgengi að þjónustu;

(c) Tryggi að gögn sem er safnað um einstaklinga með fötlun séu einnig aðgreind eftir eðli fötlunarinnar, aldri og kyni; og

(d) Fullgildi samninginn um réttindi fatlaðra einstaklinga og valfrjálsu bókunina við hann án tafar.

Heilbrigði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu

36. Nefndin fagnar reglugerðinni sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setti árið 2008 og veitir börnum yngri en 18 ára undanþágu frá gjöldum fyrir heilbrigðisþjónustu og þjónustu sem er veitt á sjúkrahúsum. Nefndin fagnar einnig aðgerðaáætlun um heilbrigðisstefnu frá árinu 2008, sem leggur áherslu á geðheilbrigði, næringu og líkamspjálfun. Nefndin veitir því athygli að offita meðal barna og ungmenna hefur minnkað en hefur áhyggjur af því að hún er enn vandamál. Nefndin hefur einnig áhyggjur af því að með vaxandi fjölda innflytjenda í aðildarríkinu kunni börn innflytjenda að verða útundan í heilbrigðisþjónustu barna, einkum hvað varðar minna aðgengi að fræðsluefni og almennum upplýsingum um heilbrigðisþjónustu sökum tungumálaörðugleika.

37. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið haldi áfram að fræða almenning um holla næringu og neikvæð áhrif offitu á heilsu og þroska barna. Einnig hvetur nefndin aðildarríkið til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að aðlögun barna innflytjenda í heilbrigðiskerfinu og veita börnum innflytjenda upplýsingar um heilbrigðismál á móðurmáli þeirra ef unnt er.

Geðheilbrigði

38. Nefndin hefur áhyggjur af vaxandi fjölda barna í aðildarríkinu sem greinast með ofvirkni og athyglisbrest eða svipaðar raskanir, sem leiðir til aukinnar ávísunar geðörvunarlyfja. Einnig hefur nefndin áhyggjur af löngum biðlistum eftir greiningu og meðferð.

39. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Auki nákvæmni greininga á börnum sem eiga við slík vandamál að etja, efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og tryggi aðgang í skoðanir/greiningar og

meðferð sem þörf er á, þ.m.t. með því að auka afkastagetu meðferðar- og greiningarstöðva.

(b) Hafi eftirlit með ávísun geðörvunarlyfja fyrir börn sem hafa greinst með ofvirkni og athyglisbrest, m.a. með því að meta vaxandi fjölda slíkra barna sem eru á lyfjum sem fyrsta meðferðarúrræði;

(c) Hugi betur að öðrum meðferðarúrræðum, s.s. sálfræðimeðferð, fræðslu og félagslegum ráðstöfunum, og eflingunni við foreldra og kennara; og

(d) Íhugi að safna og greina gögn sem eru aðgreind eftir lyfjum og aldri í þeim tilgangi að hafa eftirlit með hugsanlegri misnotkun geðörvunarlyfja hjá börnum.

Brjóstgjöf

40. Að teknu tilliti til þess að hátt hlutfall barna fær eingöngu brjóstamjólk á fyrstu dögum eftir fæðingu hefur nefndin áhyggjur af því að hlutfallið lækkar niður í 50% hjá fjögurra mánaða gömlum börnum og 12% hjá sex mánaða gömlum börnum.

41. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið eflingunni viðleitni sína til að stuðla að því að börn fái eingöngu brjóstamjólk þar til þau ná sex mánaða aldri með því að auka vitund almennings og framfylgja og hafa eftirlit með alþjóðareglum um markaðssetningu brjóstamjólkurlíkis (e. International Code of Marketing of Breast-milk Substitutes).

Heilsufar unglunga

42. Nefndin hefur áhyggjur af tiltölulega miklum fjölda þungana og fóstureyðinga á meðal stúlkna undir 18 ára aldri, sem kann að vera vegna almenns skorts á þekkingu um kynheilbrigði (e. reproductive health), aðgengi að getnaðarvörnum og ráðgjafarþjónustu um kynheilbrigði.

43. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið auki vitund unglunga um kynheilbrigði og neikvæð áhrif snemmbærrar þungunar og fóstureyðinga og veiti aðgang að getnaðarvörnum og ráðgjafarþjónustu um kynheilbrigði, þ.m.t. sálfræðiráðgjöf.

Misnotkun vímu- og fíkniefna

44. Þótt nefndin fagni því að tölur sýna minnkandi neyslu á sumum vímu- og fíkniefnum og áfengi á meðal ungs fólks harmar hún að áfengisneysla er enn vandamál.

45. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið haldi áfram að beita öllum viðeigandi ráðstöfunum, þ.m.t. stjórnsýslu- og félagslegum ráðstöfunum og fræðslu, einkum í lífsleikni, til að vernda börn fyrir ólöglegri neyslu ávana- og fíkniefna og áfengis og standi að endurhæfingar-, enduraðlögunar- og afturbataáætlunum sem eru sérstaklega sniðnar að þörfum barna.

E. Menntun, tómstundir og menningarlíf (28., 29. og 31. gr. samningsins)

Menntun, þ.m.t. starfsþjálfun og -ráðgjöf

46. Nefndin fagnar fjölmörgum lögum sem aðildarríkið hefur sett í þeim tilgangi að hlúa að hagsmunum barna hvað varðar menntun og stuðla að velferð barna í skólum. Hins vegar hefur nefndin áhyggjur af því að

a) nýlegur niðurskurður komi niður á börnum með sérþarfir, þ. á m. börnum með fötlun;

b) börn verða oft fyrir alvarlegu og langvarandi einelti án þess að skólayfirvöld grípi til fullnægjandi og skýrra úrræða; og

c) brottfall innflytjendabarna úr framhaldsskóla er enn vandamál.

47. Með tilliti til almennrar athugasemdar sinnar nr. 1 (2001) um markmið menntunar mælist nefndin til þess að aðildarríkið:

(a) Geri nauðsynlegar ráðstafanir til að mæta þörfum barna með sérþarfir, þ.m.t. með fræðslu kennara sem vinna með börnum með sérþarfir, m.a. fötlun;

(b) Bæti þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar gegn öllum formum eineltis og áreitni með því að bæta skólareglur um slæma hegðun og auka hæfni kennara, allra starfsmanna í skólum og nemenda til að viðurkenna fjölbreytni og leysa úr deilum;

(c) Efli ráðstafanir gegn brottfalli innflytjendabarna úr framhaldsskólum.

F. Sérstakar verndarráðstafanir (22., 38., 39. og 40. gr., b- og d-liðir 37. gr., 30. og 32.-36. gr. sammingsins)

Börn sem verða fyrir áhrifum af vopnuðum átökum

48. Nefndin veitir því athygli að samkvæmt 114. gr. almennra hegningarlaga skal hver sá sem ræður menn innan íslenska ríkisins til erlendarar herþjónustu sæta refsíabýrgð (fangelsi allt að tveimur árum). Hins vegar harmar nefndin að almennu hegningarlögin skuli ekki geta ráðningu barna sérstaklega, sem ætti að varða jafnvel strangari refsingu.

49. Nefndin ítrekar fyrri tilmæli sín um að, í þeim tilgangi að efla ráðstafanir á lands- og alþjóðavísu til að koma í veg fyrir ráðningu barna til vopnaðra átaka og þátttöku þeirra í hernaðaráttökum, skuli aðildarríkið:

(a) Banna með skýrum hætti ráðningu barna undir 18 ára aldri í erlenda herþjónustu sem og beina þátttöku þeirra í hernaðaráttökum;

(b) Banna með skýrum hætti brot á ákvæðum valfrjálsu bókunarinnar um þátttöku barna í vopnuðum átökum;

(c) Koma á „úrlendislögsögu“ (e. extraterritorial jurisdiction) hvað varðar slíka glæpi þegar þeir eru framdir af eða gegn einstaklingi sem er ríkisborgari aðildarríkisins eða tengdur því á annan hátt.

Efnahagsleg misneyting, þ.m.t. barnavinna

50. Nefndin hefur áhyggjur af því að þrátt fyrir að skólaskyldu í aðildarríkinu ljúki við 16 ára aldur (þótt hægt sé að ljúka henni fyrr) sé lágmarksvinnualdur ennþá 15 ár. Nefndin hefur einnig áhyggjur af því að sum börn í aðildarríkinu byrji að vinna ung, eða á bilinu 13-14 ára samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Þótt þessi vinna kunni að vera létt í eðli sínu má vera að hún fari fram við slæmar aðstæður og með óviðeigandi vinnufyrirkomulagi sem orsakar langan vinnutíma, mikla tíðni vinnuslysa og áreitni og að oft séu lagðar á herðar börnum meiri ábyrgð en hæfir aldri þeirra.

51. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Geri breytingar á löggjöf sinni til að lágmarksvinnualdur sé í samræmi við aldur við lok skólaskyldu;

(b) Hafi eftirlit með ástandinu og geri ráðstafanir til þess að eftirlitsaðilar verði þess áskynja þegar börn vinna of ung og veiti þeim hvatningu þau til að ljúka framhaldsskóla; og

(c) Geri ráðstafanir til að tryggja að börn séu vernduð gegn slæmum vinnuskilyrðum og óviðeigandi vinnufyrirkomulagi, þ. á m. löngum vinnutíma, gegn því að lögð sé of mikil ábyrgð á hendur þeim miðað við aldur, vinnuslysum og áreitni.

Kynferðisleg misneyting og misnotkun

52. Nefndin fagnar því að árið 2007 var gerð breyting á kaflanum um kynferðisglæpi í almennum hegningarlögum og var kynferðislegur lágmarksaldur hækkaður úr 14 árum í 15 ár. Nefndin hefur þó áhyggjur af því að þessi breyting veiti ekki nægilega vernd fyrir börn á aldrinum 15 til 18 ára, sem kunna enn að vera berskjölduð fyrir kynferðislegri misneytingu. Einnig hefur nefndin áhyggjur af því að fáar tilkynningar um kynferðislega misnotkun barna leiða til lögsóknar og enn færri til sakfellingar.

53. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Geri nauðsynlegar ráðstafanir til verndar börnum eldri en 15 ára fyrir kynferðislegri misneytingu og misnotkun;

(b) Tryggi skilvirka og skjóta rannsókn, lögsókn og sakfellingu í öllum tilfellum kynferðislegrar misnotkunar og misneytingar sem varða börn; og

(c) Tryggi að áætlanir og stefnumið um forvarnir, afturbata og enduraðlögun barna sem verða fórnarlömb slíks athæfis séu í samræmi við niðurstöðuskjöl sem voru samþykkt árin 1996, 2001 og 2008 á heimsráðstefnum gegn kynferðislegri misneytingu barna í ábataskyni í Stokkhólmi, Yokohama og Rio de Janeiro.

Vændi og mansal

54. Nefndin fagnar umtalsverðum aðgerðum aðildarríkisins í formi breytinga á almennum hegningarlögum sem gera kaup á vændi, einkum sem varða börn, að refsiverðu athæfi, auk samþykktar aðgerðaáætlunar gegn mansali árið 2009. Þó ítrekar nefndin áhyggjur sínar (CRC/C/OPSC/ISL/CO/1) af meginreglunni um „tvöfalt saknæmi“ í 5. gr. almennra hegningarlaga, sem gerir kröfu um að einstaklingi sem fremur alvarlegt eða minna afbrot erlendis sé heimilt að refsfa á Íslandi aðeins svo fremi sem verknaðurinn sé refsiverður samkvæmt lögum landsins þar sem hann var framinn. Nefndin hefur áhyggjur af því að þessi krafa takmarki möguleikann á lögsókn vegna afbrota í tengslum við sölu, vændi og klám þar sem börn eiga í hlut og takmarki því vernd barna gegn þessum afbrotum.

55. Nefndin ítrekar fyrri tilmæli sín um að aðildarríkið breyti löggjöf sinni til að afnema kröfuna um tvöfalt saknæmi að því er varðar lögsókn á Íslandi vegna afbrota sem eru framin erlendis.

Ungmenni og réttarkerfið

56. Nefndin veitir því athygli að samkomulagið milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára veitir ekki lagalega tryggingu á aðskilnaði frá fullorðnum, sem kveðið er á um í c-lið 37. gr. samningsins, sem aðildarríkið hefur gert fyrirvara við.

57. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið samræmi að fullu ungmennaréttarkerfi sitt við samninginn, einkum 37., 39. og 40. gr., og við aðrar viðeigandi kröfur, þ. á m. Beijing-reglurnar (Standard Minimum Rules for the Administration of Juvenile Justice), Ríjad-viðmiðunarreglurnar (Guidelines for the Prevention of Juvenile Delinquency), Havana-reglurnar (Rules for the Protection of Juveniles Deprived of

their Liberty), Vínarviðmiðin (Vienna Guidelines for Action on Children in the Criminal Justice System) og almenna athugasemd nefndarinnar nr. 10 (2007) um réttindi barnsins í refsivörslukerfi ungmenna (CRC/C/GC/10).

Sér í lagi hvetur nefndin aðildarríkið til að draga til baka fyrirvara sinn við 37. gr. og finna hagnýta og skynsamlega lausn til að tryggja aðskilda vistun barna og fullorðinna.

Börn sem eru fórnarlömb og vitni að glæpum

58. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið tryggi með viðunandi lagaákvæðum og reglugerðum að öllum börnum sem verða fórnarlömb eða vitni að glæpum, t.d. misnotkun, heimilisofbeldi, kynferðislegri eða efnahagslegri misneytingu, brottnámi eða mansali, þ.m.t. glæpum sem eru framdir af gerendum á vegum ríkis og gerendum óháðum ríki, sé veitt sú vernd sem krafist er samkvæmt samningnum og að aðildarríkið taki auk þess fullt mið af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna um réttarfar í málum er varða börn sem fórnarlömb eða vitni að glæp (e. United Nations Guidelines on Justice in Matters Involving Child Victims and Witnesses of Crime) (viðauki við ályktun Efnahags- og félagsmálaráðs SP nr. 2005/20 frá 22. júlí 2005). Auk þess mælist nefndin til þess að aðildarríkið hvetji dómstóla sína til að leita til Barnahúss til að fá vitnisburð barna.

G. Fullgilding alþjóðlegra gerninga

59. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið fullgildi eftirfarandi sáttmála í þeim tilgangi að standa betur vörð um réttindi barna: alþjóðasamninginn um réttindavernd allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra (International Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of their Families), samninginn um réttindi fatlaðra einstaklinga (Convention on the Rights of Persons with Disabilities), alþjóðasamninginn um vernd allra gegn mannhvörfum (Convention for the Protection of all Persons from Enforced Disappearance), valfrjálsa bókun við samninginn gegn pyntingum (Convention against Torture) og valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

H. Samstarf við svæðis- og alþjóðastofnanir

60. Nefndin mælist til samstarfs aðildarríkisins við Evrópuráðið að framkvæmd samningsins og annarra gerninga um mannréttindi, bæði í aðildarríkinu og öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins.

I. Eftirfylgni og miðlun

61. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þessi tilmæli komi að fullu til framkvæmda, m.a. með því að senda þau þjóðhöfðingjanum, þinginu, viðeigandi ráðuneytum, Hæstarétti og sveitarfélögum þegar við á, til viðeigandi umfjöllunar og frekari aðgerða.

62. Að auki mælist nefndin til þess að þriðja og fjórða reglulega skýrslan auk skriflegra svara aðildarríkisins og tengdra tilmæla (þ.m.t. athugasemda) nefndarinnar verði gerð víða aðgengileg á tungumálum landsins, þ.m.t. (en ekki eingöngu) á Netinu, fyrir almenning, borgaraleg samtök, fjölmiðla, æskulýðssamtök, faghópa og börn, í

þeim tilgangi að stuðla að umræðu og vitund um samninginn og valfrjálsar bókanir hans, framkvæmd hans og eftirlit.

J. Næsta skýrsla

63. Nefndin hvetur aðildarríkið til að leggja fram fimmtu og sjöttu reglulegu skýrslurnar fyrir 26. maí 2018 og til að tryggja að þar á meðal verði upplýsingar um framkvæmd þessara lokaathugasemda. Nefndin vekur athygli á samræmdum viðmiðunarreglum um skýrslugjöf varðandi tiltekna samninga sem samþykktar voru 1. október 2010 (CRC/C/58/Rev.2 og Leiðr. 1) og minnir aðildarríkið á að síðari skýrslur þurfa að vera í samræmi við viðmiðunarreglurnar og ekki lengri en 60 blaðsíður. Nefndin hvetur aðildarríkið til að leggja fram skýrslu sína í samræmi við viðmiðunarreglurnar um skýrslugjöf. Verði lögð fram skýrsla sem fer fram úr hámarkssíðufjölda verður aðildarríkið beðið um að endurskoða hana og leggja að lokum fram nýja útgáfu hennar í samræmi við ofangreindar reglur. Nefndin minnir aðildarríkið á að sé það ekki í aðstöðu til að endurskoða skýrsluna og senda nýja útgáfu hennar er ekki unnt að tryggja þýðingu hennar svo nefndin geti yfirfarið skýrsluna.

64. Nefndin hvetur auk þess aðildarríkið til að leggja fram uppfært kjarnaskjal (e. core document) í samræmi við kröfur um kjarnaskjöl í samræmdum viðmiðunarreglum um upplýsingagjöf, sem voru samþykktar á fimmta fundi nefnda mannréttindastofnananna í júní 2006 (HRI/MC/2006/3)